



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 5. mars 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál.

Í rafbréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. febrúar 2019, barst Landgræðslunni tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.

Landgræðslan starfar eftir lögum nr. 155/2018. Markmið þeirra laga kemur fram í 1. gr. en það er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Þessi markmið eru svo nánar útfærð í 2. og 3. gr. laganna.

Landgræðslan hefur sem slík ekki skoðun á því að hve miklu leiti sé eðlileg að setja reglur sem miða að því að koma í veg fyrir uppkaup erlendar aðila, sem ekki hafa hér lögheimili og fasta búsetu, svo vitnað sé til a-liðar þingsályktunarinnar.


Hins vegar getur - og hefur - komið upp sú staða að aðilar sem hér ekki búa og sjaldan koma hafa lítinn sem engan áhuga á því starfi og þeim markmiðum sem Landgræðslan vinnur að. Í þeim tilfellum er t.a.m. erfiðara að auka þátttöku þess hagsmunaaðila í stefnumótun og aðgerðum sem varðar gróður- og jarðvegsvernd og endurheimt og uppbyggingu vistkerfa, sbr. f-lið 2. gr. og d-lið 3. gr. landgræðslulaga. Skýrt skal þó tekið fram að alls ekki er hægt að alhæfa nokkuð hér um.

Þá skal hér og tekið fram að ný ákvæði í IV. kafla laga um landgræðslu, hver fjalla um sjálfbæra landnýtingu og afleiðingar þess að landnýting fullnægi ekki settum skilyrðum, ættu að vera til þess fallnar að jafna þann aðstöðumun sem kann að vera á innlendum og erlendum aðilum.

Í b-lið þingsályktunartillögunnar er tekið fram að eitt markmiða endurskoðunar laga og reglugerða um uppkaup á bújörðum og öðru nytjalandi skuli vera „*að huga að almennum viðmiðum, svo sem landstærð, nýtingu landgæða og fjölda landareigna sem heimilt er að sé á hendi eins og sama aðila.*“ Að nokkru eiga hér við sömu sjónarmið og nefnd voru hér að ofan. Hafi eigandi lands of marga hektara undir/of margar jarðir er hætt við því að fókusinn verði

óskýr og verkefnið of mörg og yfirþyrmandi. Það skal hér tekið fram að þetta sjónarmið á eðlilega jafnt við um innlenda sem erlenda eigendur jarða.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason
landgræðslustjóri